

Pensions at a Glance: Public Policies across OECD Countries 2007 Edition

Summary in Icelandic

Eftirlaun í OECD við fyrstu sýn: Opinber stefna í OECD ríkjunum – útgáfa 2007

Útdráttur á íslensku

Í þessari annarri útgáfu af *Eftirlaunum í OECD við fyrstu sýn* eru uppfærðar allar mikilvægar vísbendingar um kerfi eftirlaunatekna sem var þróað fyrir fyrstu útgáfunu. Gildi allra breyta í eftirlaunakerfi endurspeglar ástandið á árinu 2004. Hin almenna aðferð sem hefur verið tekin upp er „rekstrarhagfræðileg“ þar sem litið er á væntanleg einstaklingsréttindi við eftirlaunafyrirkomulag allra 30 OECD aðildarríkjanna.

Í skýrslunni er byrjað á því að sýna hinar ólíku fyrirætlanir sem saman mynda eftirlaunateknaskilyrði þjóðarinnar, þar með talið útdrátt breytanna og reglur um eftirlaunakerfi. Þessu er fylgt eftir með átta aðalvísbendingum um eftirlaunatekjur sem eru reiknaðar með því að nota OECD eftirlaunalíkan. Þetta mál felur líka í sér tvenns konar sérgreiningu á eftirlaunaumbótum og persónulegum eftirlaunum þar sem OECD eftirlaunalíkanið er notað til að kafa dýpra ofan í aðalmál um eftirlaunastefnu í þjóðarumræðum. Loks eru í skýrslunni tíundaðar bakgrunnsupplýsingar um fyrirkomulag eftirlaunatekna hvers og eins hinna 30 ríkja.

Fyrir starfsmenn með meðallaun er vergt endurnýjunarhlutfall í OECD ríkjunum af skyldulífeyri að meðaltali 58,7%, þ.e. hlutfallið milli ellilífeyris og tekna sem eru teknar áður en starfsmenn ná eftirlaunaaldri. En skattar leika stórt hlutverk í stuðningi við gamalt fólk. Ellilífeyrisþegar borga oft ekki í félagslega öryggissjóði og þar sem persónulegur tekjuskattur er stighækkandi og lífeyrisréttindi venjulega lægri en tekjurnar fyrir eftirlaunaaldur borga þeir venjulega lægri skatta. Fyrir launþega með meðallaun er nettóendurnýjunarhlutfall í OECD ríkjunum nálægt 70% að meðaltali, einum 11 prósentustigum hærra en vergt endurnýjunarhlutfall að meðaltali.

Fyrir tekjulága er nettóendurnýjunarhlutfall í OECD ríkjunum að meðaltali 83%. En það er svæðisbundinn munur: norrænu ríkin bjóða starfsmönnum 95% nettóendurnýjunarhlutfall fyrir hálf meðallaunin en í enskumælandi OECD ríkjum eru borguð 76% af fyrrum nettólaunum.

Það sem skiptir samt máli fyrir stjórnvöld er ekki aðeins endurnýjunarhlutfallið, heldur ekki síður gildi fyrirheita um heildarlífeyri. Þetta er metið af vísbendingu um gnægð

lífeyris sem tekur tillit til lífslíka og vísitölubindingar í greiðslu lífeyris. Með því að nota þessa vísbendingu eru fyrirheit um lífeyri dýrust í Lúxemborg. Að meðaltali mun hver karlkyns lífeyrisþegi fá sem svarar 920.000 bandaríkjadöllum og hver kona á eftirlaunum rúmlega 1 milljón bandaríkjadala. Holland og Grikkland eru í öðru og þriðja sæti á þessum mælikvarða. Minnstu eftirlaunakerfin eru í Bandaríkjunum, Belgíu, Bretlandi, Írlandi og Japan þar sem gnægð lífeyris er u.þ.b. tveir þriðju meðaltalsins í OECD ríkjum. Í neðsta sæti er Mexíkó þar sem körlum og konum er heitið lífeyri sem svarar til 34.000 og 32.000 bandaríkjadala, í þessari röð.

Næstum öll 30 OECD ríkin hafa gert a.m.k. einhverjar breytingar á lífeyriskerfi sínu frá 1990. Árangurinn er að fyrirheit um lífeyri voru að meðaltali skorin niður um 22% í ríkjum 16 sem sjónum er beint að í þessari skýrslu. Hjá konum var lækkunin 25%. Aðeins í tveimur af ríkjum 16 – Ungverjalandi og Bretlandi – jukust fyrirheitin að meðaltali.

Hvaða áhrif munu þessar breytingar hafa á ólíka einstaklinga? Sum ríki – eins og Bretland, Frakkland og Portúgal – færast nær betri áfangastað um almennan lífeyri hjá lágtekjufólki og styrkja þannig öryggisnetið. Önnur – svo sem Pólland og Slóvakía – hafa færst til þess að treysta tengslin milli lífeyrisréttinda og –tekna sem kunna að setja lágtekjufólk í meiri fátæktarhættu. Í Japan, Mexíkó, Póllandi, Slóvakíu og Þýskalandi voru t.d. nettólífeyrisréttindi fyrir starfsmann í fullu starfi með hálf meðallaun u.þ.b. 41% af meðallaunum fyrir umbætur, aðeins undir meðaltali OECD í heild sinni. Umbæturnar munu skera þetta niður í nákvæmlega 32,5%. Til mótvægis hafa Bretland, Finnland, Frakkland, Kórea, Nýja-Sjáland og Ungverjaland varið starfsmenn með lágar tekjur fyrir niðurskurði í bótum í lífeyrisumbótum sínum.

Hin ákafa umbótagjörð í OECD ríkjum merkir að starfsmenn munu núna sjálfir þurfa að gera meira til að undirbúa eftirlaunaár sín. Í sumum ríkjum er nauðsynleg viðleitni í sparnaði til að ná meðaltalsendurnýjunarhlutfalli OECD umtalsverð, jafnvel þótt starfsmenn spari alla starfsævina. Ef ungir starfsmenn verða af fyrstu 10 eða 15 árum starfsævinnar vegna annarrar eftirspurnar eftir ráðstöfunarfé sínu verður jafnvel enn erfiðara fyrir þá að ná nægilegum ellilífeyri. Í þessari skýrslu er sýnt hve mikilvægt það er að starfsmenn byrji að spara senmma og bæti reglulega í sjóðinn.

© OECD 2007

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

